



Stjórnarfundur FKA #4

Starfsár: 2025-2026

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 10.09.2025

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Margrét Hannesdóttir (MH), Jasmina Vajzovic (JV), Þórey Hafliðadóttir (ÞH) Teams, Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll: Rósa Viggósdóttir (RV), Púriður Aradóttir Braun (ÞAB)

1 – Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)

AR fer yfir opunarviðburðinn sem var mikil ánægja með.

Staða á innheimtu: 88 af rúmlega 500 búnað greiða þau félagsgjöld sem eru á eindaga í september.

Samningur við Mundakot er laus og á borði stjórnar að skoða bókhaldsþjónustu fyrir næsta ár. Síðasti aðalfundur landsbyggðardeildar verður haldinn 25.9, sama dag og hópefli stjórnar. Það liggja mörg handtök framkvæmdastjóra á bak við aðalfundi landsbyggðadeilda og þjónusta við deildirnar til fyrirmyndar af hálfu skrifstofu.

Allt efni FKA hefur nú verið flutt af Dropbox yfir á Teams. Eru framkvæmdastjóra færðar þakkir og hrós stjórnar fyrir þann drifkraft sem hún hefur sýnt í þessu verkefni.

Heimasíðan: fundur með Kaktus, Reglu og Mundakoti á fimmtudag þar sem farið verður yfir útistandandi mál varðandi sjálfvirkar innheimtustýringar.

AWE: erum að starta verkefninu með þeim.

Kauphöllin: erum að starta því verkefni.

Búið að hafa samband við Arion vegna Sýnileikadags 2026 og því samstarfi verður haldið áfram AR verður í fríi í næstu viku.

Viðburðadagatalið er að mestu uppfært.

Aðalfundur AtvinnurekendaAuðar verður haldinn 17.9. GHJ hefur tekið að sér að sjá um mál sem þarf að græja fyrir fundinn í fjarveru AR.

Stjórn er búin að funda með öllum deildum og nefndum félagsins nú í haust.

2 – Staða landsbyggðadeilda og niðurstöður fundar fært til bókar (ISS, MH)

Starfsáætlanir landsbyggðadeilda hafa ekki enn borist til skrifstofu. Ákveðið að ýta á eftir í lok september ef þær hafa ekki borist þá.

ISS leggur fram niðurstöður frá fundi með stjórnnum landsbyggðadeilda þann 22.8 sl. og þær ákvarðanir sem hafa verið teknar:

- Lagt er til að gerð verði tilraun til eins árs með að ósött fé færist ekki aftur til FKA sé það ekki nýtt á starfsárinu, eins og kveðið á um í starfsreglum landsbyggðadeilda. Markmiðið er engu að síður að tryggja að fjármunir félagskvenna séu nýttir innan þess starfsárs sem þeir eru greiddir. Ákvörðunin verður endurmetin vorið 2026 með hliðsjón af því hvernig tekist hefur til í öllum landsbyggðadeildum.



- Stjórnir landsbyggðadeildanna munu setja fram starfsáætlun ásamt fjárhagsáætlun í kjölfar fyrsta fundar nýrrar stjórnar að hausti.
- Ákveðið er að stjórn FKA og stjórnir landsbyggðadeilda fundi saman tvisvar á ári, í upphafi hausts og í upphafi árs. Tilgangur þessara funda er að efla samstarf og styrkja tengsl milli stjórnar FKA og landsbyggðadeildanna.

3 – Ábyrgðarstöður innan stjórnar – staðan á hlutverkum, komið af stað? (ISS, GHJ, AR)

ISS er búin að ræða við stjórnarkonur um sín hlutverk. Myndun fulltrúaráðs er í vinnslu og mun stjórn funda fyrir lok október varðandi næstu skref. Rætt um að stjórn er þegar búin að funda með öllum deildum og nefndum félagsins sem lið í að hefja starf ársins.

Stjórn er almennt í mjög góðu samtali um hlutverkin, haustið fer hratt af stað og mikilvægt að ná að halda boltum á lofti af skynsemi.

4 – Lög FKA lesin og upphaf ráða rædd (ISS, GHJ)

Rætt um ákveðnar lagagreinar sem þarf að endurskoða fyrir aðalfund 2026 og mun sú vinna fara fram innan stjórnar á starfsárinu. Hafa þarf starfsreglur stjórnar til hliðsjónar.

Mikilvægt er að stjórnarkonur lesi og þekki lög félagsins og starfsreglur þannig að ekki myndist óvissa um málefni sem er til rammi yfir. Faglegt að stjórnarkonur þekki og geti vísað í lög FKA þar sem við á. GHJ leggur til að þessum lið sé frestað þar sem einungis 4 konur eru á fundi.

Stjórn samþykkir samhljóða að fresta þessum lið.

5 – Styrktaraðilar inn í haust staðan (ISS, MH)

ISS var búin að senda tillögu á þann styrktaraðila sem stjórn hefur verið í viðræðum við varðandi það að vera aðalstyrktaraðili FKA komandi starfsár. Jákvætt svar var komið tilbaka.

Rætt um val á styrktaraðilum FKA út frá gildum, t.d. varðandi jafnrétti og sjálfbærni. Umræður um hvernig val á styrktaraðila FKA geti hamlað samvinnu við önnur fyrirtæki sem eru í samkeppni.

6 – Tækniráð fyrsti fundur og fasi II (ÞAB, GHJ)

Búið að halda einn fund og annar í næstu viku. Brynja Þorsteinsdóttir hefur bæst í tækniráð og er komu hennar fagnað.

Netfangið taeknirad@fka.is er komið.

Mikilvægt fyrsta skref að efla kynningu á heimasíðunni.

Ekki er enn farið að ganga á upphæð sem var á fjárhagsáætlun ársins í þróun heimasíðu, 1 milljón.

7 – Nýsköpun og KVENN niðurstaða (GHJ, ÞH)

Erindi frá Elinóru varðandi samstarf FKA og KVENN og eftirfylgni til umræðu. Upphafleg hugmynd breyttist eftir fund stjórnarkvenna með Elinóru í maí og örlítið óljóst hver hugmyndin nú er og hvar hagsmunir FKA liggja. Ákveðið var á síðasta fundi stjórnar að setja þetta verkefni á bið.

Nú er ákveðið að taka fund með Elinóru í október og fara yfir hennar hugmyndir.

8 – Jafnvægisvugin staðan eftir fyrsta fund (MH)

Hugmyndavinna fyrir næstu hátíð er hafin. Umræður höfðu verið á fundi um mikilvægi þess að kynna JV betur fyrir félagskonum FKA sem og fyrir samfélaginu öllu. MH ætlar að fylgja því eftir.

ISS leggur til að JV fái árlega slott á Sýnileikadeginum eða sambærilegum viðburði.

MH leggur fram þá hugmynd að félagskonur geti merkt sig „í atvinnuleit“ eða „opnar fyrir tækifærum“ á heimasíðu þannig að þær sem eru að leita að fólki gætu leitað þangað.



9 – Viðurkenningarhátíð, dómnefnd, tilnefningar, Árvakur (AR, GHJ)

AR fer yfir uppgjör á viðurkenningarhátíð 2025 og stöðu á undirbúningi fyrir 2026.

GHJ vill að settar verði saman verklagsreglur fyrir vali og samsetningu dómnefndar.

10 – Önnur mál

- Ferð formanns norður og formanns og varaformanns austur? ISS ætlar að sameina vinnuferð til Akureyrar og fund með FKA-Norðurland.
GHJ ætlar að skoða með ferð austur og hitta jafnframt FKA-Austurland.
- Bréf barst stjórn frá sendiherra Kanada á Íslandi um samstarf. ISS ætlar að svara og lýsa yfir áhuga á samtalinu.

Fundi slitið 13.30.

Fundinn ritar Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir varaformaður.